

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Eyrarbakkahrepp, Árnassýslu.
2. Suðureyrarhrepp, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Byggingasamþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og hirt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 14.

10. febrúar 1972.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum frá 1. janúar til 15. maí 1972.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1972.

Loðnumjöl £ 1.25 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi £ 75.00 fyrir hverja lest.

Verðið miðast við cif.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Komi til greiðslu úr sjóðnum, verði hún ekki meiri en það, sem í sjónum er, og verði sú sama hlutfallslega á alla framleiðslu ofangreinds tímabils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. febrúar 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.